

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1975

Nr. 73.

174

5. desember 1975.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. lög nr. 14 26. mars 1974 og lög nr. 72 14. október 1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögín bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýsklands um veiðar þýskra togara innan fiskveiðilandhelgi, dags. 28. nóvember 1975, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra þýsku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru veiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal fellt niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæði samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd samkomulagsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.